

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 28. janúar 2022

Mál nr. S-1140/2021:

## Héraðssaksóknari

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir settur saksóknari)

## gegn

Jóhannesi Tryggva Sveinbjörnssyni

(Steinbergur Finnbogason lögmaður)

## Dómur:

### I

Mál þetta, sem dómtekið var 14. janúar sl., að lokinni aðalmeðferð, er höfðað af héraðssaksóknara með ákæru útgefinni 12. maí 2021 á hendur Jóhannesi Tryggva Sveinbjörnssyni, kt. 000000-0000, óstaðsettur í hús.

Málið er höfðað á hendur ákærða fyrir nauðgun, í starfi sínu sem nuddari dagana 3. og 5. janúar 2012, á meðferðarstofu sinni að Bolholti 4 í Reykjavík, haft önnur kynferðismök en samræði við A, kt. 000000-0000, án hennar samþykkis með því að káfa á kynfærum hennar, rassi og brjóstum og setja fingur inn í leggöng hennar, henni að óvörum, þar sem hún lá léttklædd á nuddbekk, og beitti ákærði A ólögmati nauðung með því að misnota sér það traust sem hún bar til hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

### Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. 000000-0000, er gerð sú krafa að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.500.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 3. janúar 2012 þar til mánuður er liðinn frá birtingu skaðabótakröfunnar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Verjandi ákærða gerir aðallega þá kröfu að ákærði verði sýknaður en til vara komi til sakfellingar er krafist vægustu refsingar sem lög frekast heimila og hún verði skilorðsbundin. Þá er þess krafist aðallega að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi, til vara að henni verði hafnað, en til þrautavara að hún verði lækkuð verulega. Loks er þess krafist

að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði þ.m.t. málsvarnarlaun verjandans samkvæmt mati dómsins.

Undir rekstri málsins gerði ákærði þá kröfu að þinghöld í málinu yrði lokuð en því var hafnað með úrskurði réttarins 5. október 2021. Var sú niðurstaða staðfest með úrskurði Landsréttar 12. október sama ár í málinu nr. 593/2021.

## II

### *Málavextir:*

Hinn 20. nóvember 2018 lagði brotþoli, A, fram kæru á hendur ákærða hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu fyrir meint kynferðisbrot sem á að hafa átt sér stað í ársbyrjun 2012.

Brotþoli kvaðst hafa lent í umferðarslysi árið 2010 og verið eftir það slæm í baki og öxlum. Hún hafi vegna þess verið lengi í sjúkraþjálfun en móðir hennar hafi verið í meðferð hjá ákærða og hann hjálpað henni mikið. Þá hefði brotþoli einnig farið einu sinni til ákærða líklega þegar hún var 17 ára en þá hafi hún farið með móður sinni. Brotþoli kvaðst síðan hafa farið til ákærða í ágúst 2011 þ.e. daginn sem hún hafi verið að flytja til Danmerkur og það hafi verið allt eðlilegt í það skiptið. Hún hafi síðan komið til Íslands í nóvember/desember 2011 til að vera viðstödd útför afa síns og þá farið til ákærða. Hann hafi þá byrjað að hnykkja bakið á brotþola en farið fljótt í að nudda á henni rassinn en hún hafi aðallega fundið til í efstu hryggjarliðum, upp í hnakka og út í axlir (whiplash). Henni hafi því fundist undarlegt að ákærði skyldi aðallega vera að nudda á henni rassinn þar sem hún hafi legið á maganum. Hann hafi einnig beygt á brotþola annan fótinn þannig að staða hennar hafi minnt á kynlífsstillingu og brotþola þótt það óþægilegt. Ákærði hafi togað buxur og nærbuxur brotþola langt niður þannig að þær hafi rétt náð að hylja kynfæri hennar. Brotþola kvaðst hafa fundist þetta undarlegt og sagt það við vinkonu sína þegar hún hafi komið aftur út til Danmerkur.

Þegar brotþoli hafi komið aftur til Íslands um jólin 2011 hafi hún átt tvo tíma hjá ákærða 3. og 5. janúar 2012. Í fyrri tímanum hafi ákærði verið mikið að tjá sig um hvernig persónuleiki brotþoli væri en hún hafi þá aðeins verið í brjóstahaldara og leggings buxum. Ákærði hafi byrjað á bakinu og hnykkt nokkrum sinnum. Síðan hafi hann byrjað að nudda rassinn á brotþola og togað buxur hennar óþarflega langt niður. Brotþola kvaðst hafa fundist þetta óþægilegt en ekki vitað hvað hún ætti að gera. Ákærði hafi sett hana í sömu stellingu og áður þ.e. beygt annan fótinn á henni og þá verið búinn að toga buxur hennar það langt niður að þær hafi ekki hulið kynfæri hennar. Ákærði hafi þá haldið áfram að nudda rassinn á brotþola og síðan verið kominn með hendurnar í nárann á henni og á þeim tímapunkti hafi hún frosið. Þegar ákærði hafi verið í nárannum á brotþola hafi hann spurt hvort hún hafi prófað tantraudd og hún hafi neitað því en hún hafi ekki heldur vitað hvað það væri. Á einhverjum tímapunkti hafi ákærði tekið fram að tantraudd væri ekki endilega kynferðislegt. Ákærði hafi síðan byrjað að nudda á henni kynfærin og sagt að það gæti losað um spennu en brotþoli væri spennnt. Hann hafi nuddað nárann og ytri barma brotþola en síðan gengið lengra og nuddað á milli innri barma við leggöngin og í kringum snípinn. Á þeim tímapunkti hafi verið lítil samskipti á milli þeirra og brotþoli legið með lokuð augun, verið frosin og ekki vitað hvað hún ætti að gera en henni hafi fundist þetta standa í langan tíma. Ákærði hafi síðan látið brotþola snúa sér við og þar sem henni væri illt í öxlunum gæti hjálpað að opna brjóstkassann en til þess þyrfti brotþoli að fara úr brjóstahaldaranum. Hann hafi síðan

látið hana liggja á bakinu með hendur upp fyrir höfuð og byrjað að nudda á henni handarkrikann eða brjóstbeinið. En svo hafi ákærði farið að nudda brjóstin á brotþola og gert það í nokkurn tíma en það hafi ekki verið sjúkranudd. Hún kvaðst halda að þetta hafi staðið yfir í um 30 mínútur. Þegar hún hafi verið að klæða sig hafi ákærði sagt að tantranudd gæti losað mikla spennu í líkamanum og það gæti einnig hjálpað við fullnægingar. En brotþoli skyldi ekki hafa neinar áhyggjur þar sem móðir hennar fengi ekki svona lúxusnudd og brotþoli ætti ef til vill ekki að segja móður sinni frá þessu. Ákærði hafi einnig sagt að þar sem þetta losaði um spennu gæti þetta einnig losað um andlega spennu og varað brotþola við að það gætu komið alls kyns tilfinningar upp á yfirborðið þ.m.t. gamlar minningar. Brotþoli kvaðst ekki hafa gefið mikið út á þetta en sagt að hún fyndi ekki mikinn mun á bakinu á sér en hún hafi komið til ákærða vegna þess. Hann hafi sagt að þau myndu taka bakið í næsta tíma. Brotþoli kvaðst hafa hugsað um að afbóka næsta tíma en fundist það erfitt þar sem hún þyrfti þá að finna einhverja skýringu gagnvart móður sinni af hverju hún færi ekki til ákærða. Brotþoli hafi ekki viljað á þessum tímapunkti segja móður sinni frá því sem hefði gerst. Hún kvaðst hafa greitt fyrir tímann en ekki fengið kvittun og það hafi átt að greiða með reiðufé. Brotþola kvaðst hafa liðið illa andlega eftir tímann og ekki verið betri líkamlega. Síðar um daginn hafi hún rætt þetta við B vinkonu sína og brotþoli hélt að hún hafi verið með B þegar ákærði hafi sent henni SMS skilaboð og sagt henni að njóta vegna flæðisins í mjöðminni og varað brotþola aftur við því að það gætu vaknað upp gamlar tilfinningar. Daginn eftir fyrri tímann hafi ákærði sent brotþola SMS skilaboð og spurt hana hvort hann mætti breyta seinni tímanum hennar og spurt hvort þetta hafi ekki farið vel í hana en einnig sagt að hann væri hræddur um að hann hafi verið grófur og þetta hefði ekki farið vel í hana. Hún hafi svarað að þetta hafi verið allt í góðu. Hún hafi hugsað að hann hafi líklega misskilið hvað hún hafi viljað með því að fara í tíma hjá honum og hún hafi sagt við B vinkonu sína að hún skildi ekki af hverju ákærða fyndist að hún þyrfti að bæta fullnæginguna þar sem hún hafi ekkert rætt það atriði við ákærða.

Brotþoli kvaðst hafa hugsað að það hlyti að vera misskilningur sem gerst hefði í fyrri tímanum hjá ákærða og því ákveðið að fara aftur til hans en hún hafi verið búin að taka það sérstaklega fram við ákærða að hún vildi aðeins láta nudda á sér bakið. Brotþoli kvaðst hafa verið mjög slæm í bakinu og hún hafi haft fulla trú á ákærða en hún hafi verið búin að vera í sjúkrahjálfun í eitt ár og það hafi ekki hjálpað henni mikið. Hún hafi því verið reiðubúin að reyna eitthvað annað til þess að hjálpa sér og þá hefði ákærði hjálpað móður brotþola töluvert. Þá kvaðst brotþoli ekki hafa viljað þurfa að útskýra fyrir móður sinni hvers vegna hún færi ekki aftur til ákærða og ekki viljað skemma fyrir móður sinni vegna einhvers sem brotþoli teldi að hefði verið misskilningur þ.e. það sem gerðist í fyrri tímanum hjá ákærða. En brotþoli kvaðst hafa verið áhyggjufull áður en hún fór í seinni tímann til ákærða en hún hafi virkilega trúað því að þá myndi hann aðeins nudda á henni bakið en þau hafi verið búin að ræða það. Henni hafi því fundist að þau væru aftur á sömu blaðsíðu.

Þegar brotþoli hafi komið til ákærða í seinni tímann hafi hún lagst á magann á bekkinn og hann hnykkt eitthvað á henni bakið. En síðan hafi ákærði losað um brjóstahaldara brotþola en hún hafi ákveðið að mæta í sérstaklega ljótum bómullarnærfötum vegna þess að hún hafi hugsað að ef til vill hafi misskilningurinn í fyrri tímanum verið vegna þess að hún hafi verið í rauðum nærfötum. Ákærði hafi síðan farið að nudda rassinn á brotþola og togað buxurnar niður og sett hana í sömu stellingu og áður. Hún kvaðst hafa frosið en ákærði farið í það sama og áður þ.e. að nudda kynfæri brotþola á grófari og ákafari hátt en í fyrri tímanum og hann hafi verið harðhentur. Hann hafi strax verið

kominn með tvo fingur á milli skapabarma brotþola, farið inn í leggöngin og nuddað snípinn, aftur í endarm og í kringum hann. Þetta hafi ákærði gert lengi meðan brotþoli hafi legið frosin með lokuð augun. Þetta hafi verið óþægilegt og ákærði komið fast við vegginn í leggangaopinu þegar hann hafi farið inn í leggöngin. Brotþoli hafi kippst við og gefið frá sér óp en þá hafi ákærði flissað og spurt hvort hann hafi komið of mikið við hana og hún náð að stynja upp að svo hafi verið. Hún hafi hins vegar ekki náð að hreyfa sig úr stöðunni sem hún hafi verið í og verið enn þá frosin. Ákærði hafi þá haldið áfram að nudda hana en þó rólegra en áður og þá meira rassinn og nárann. En síðan hafi hann farið í það sama og það orðið ákafara og ákafara þangað til að brotþoli hafi kippst aftur við og gefið frá sér hálfkæft óp. Hún hafi þá kippst svo mikið við að hún hafi lokað fótunum og náð að setja þá saman. Ákærði hafi þá flissað aftur og sagt hvort þetta hafi verið of mikið en síðan farið að nudda bak og axlir brotþola. Ákærði hafi svo snúið brotþola við, klætt hana úr brjóstahaldaranum og nuddað á henni brjóstin. Í lok tímans hafi ákærði farið að ræða að hann kæmi oft til Danmerkur og hann gæti fengið lánaðan bekk þar og tekið brotþola í tíma eða ráðlagt henni að fara til manns sem ákærði þekkti þar. Hún kvaðst hafa svarað litlu og aðeins sagt að þau skyldu sjá til en hún hafi bara viljað komast út frá ákærða. Hún hafi síðan áttað sig á því að hún hafi verið búin að vera í tæplega eina og hálf klukkustund hjá ákærða en tíminn hafi átt að vera í um 30 mínútur. Brotþoli gat ekki áttað sig á því hvað ákærði hafi nuddað kynfærin á henni lengi né brjóstin.

Brotþoli sagði að ákærði hafi aldrei sagt henni að hann ætlaði að snerta kynfæri hennar né spurt hana hvort hann mætti það. Hún kvaðst ekki hafa séð hvort ákærði hafi örvast kynferðislega enda hafi hún ekki viljað sjá það og legið með lokuð augun.

Brotþoli kvaðst ekki hafa lagt fram kæru fyrr en löngu eftir atvikin því hún hafi verið staðráðin í því að túlka þetta ekki jafn slæmt og það hafi verið. Þá hafi hún einnig hugleitt hvort hún hafi gert eitthvað rangt eða gefið frá sér villandi skilaboð. Hún hafi rætt þetta við vinkonur sínar sumarið 2013 í Kaupmannahöfn en hún hafi vitað að ein þeirra hefði einnig farið til ákærða. Brotþoli kvaðst síðan hafa sett þetta svolítið til hliðar en síðan hafi þetta verið að koma meira og meira upp á yfirborðið hjá henni og 2014/2015 hafi þetta verið farið að angra hana svolítið mikið. Hún hafi þá velt því fyrir sér hvort hún treysti sér til að kæra en þá hafi hún verið svekkt yfir því að eiga ekki SMS skilaboðin frá ákærða þar sem m.a. hafi komið fram hjá honum að hann hafi verið grófur en það hefði getað hjálpað til varðandi sönnun um það hvað hafði gerst. Sumarið 2015 hafi brotþoli verið með systur sinni, sem einnig hafði farið til ákærða, í Bandaríkjunum og þær verið að velta því fyrir sér hvort þær væru með einhver trúnaðarmál. Hún hafi þá sagt systur sinni frá því sem gerðist með hana hjá ákærða. Þá hafi brotþoli í raun í fyrsta skipti sagt að ákærði hafi brotið á henni en þó hafi hún ekki sagt frá í smáatriðum. Hún hafi síðan stöðugt verið að velta því fyrir sér hvað hún ætti að gera í þessu og líklega í árslok 2016 hafi hún sagt móður sinni frá þessu sem hafi þá verið hætt í meðferð hjá ákærða. Brotþoli kvaðst hafa glímt við kvíða og þunglyndi og verið á lyfjum vegna þess en einnig farið til sálfræðings. Málið hafi valdið henni mikilli vanlíðan í mörg ár. Svo um mánuði áður en brotþoli hafi lagt fram kærana hafi hún séð umfjöllun í Fréttablaðinu sem hafi reynst vera um ákærða og þá hafi hún ákveðið að fara alla leið með málið.

Ákærði, Jóhannes Tryggvi Sveinbjörnsson, gaf skýrslu hjá lögreglu 28. nóvember 2018. Hann kvaðst ekki muna eftir nafni brotþola og minntist þess ekki að hafa verið með hana í meðferð vegna bakmeiðsla enda væri hann búinn að meðhöndla mörg hundruð manns. Þegar honum var kynnt að brotþoli hafi sagt að hann hafi nuddað á henni rass

kvaðst hann kalla það að nudda mjöðm ef nuddað væri á því svæði og þá til að losa um spennu. Ef einstaklingur meiðist í efri skrokk fari hann að leita í skekkjur, krossleggja og standa vitlaust. Hafi hann meðhöndlað brotþola vegna meiðsla í efri skrokk og greinilega séð skekkju í mjaðmagrindinni og reynt að meðhöndla það en það sé ekkert óeðlilegt í nuddi. Þurfi að toga buxur niður hjá skjólstæðingi myndi hann biðja viðkomandi að gera það sjálfan og buxur færu aldrei það neðarlega að þær myndu ekki hylja kynfærasvæði. Það geti þurft að beygja fót og meðhöndla bak og mjöðm í þeirri stöðu en hann kannaðist ekki við að hafa nefnt tantranudd. Ákærði kvaðst ekki fara inn í kynfæri nema ástæða væri til og í tilfelli brotþola hefði hann ekki þurft þess þar sem hún hafi verið svo ung og mjaðmavandamál ekki nefnt. Hann kvaðst aldrei þurfa að nudda sníp á konu í meðferðartilgangi. Aðspurður hvort hann gæti þurft að nudda brjóstasvæði sagði ákærði að það gæti þurft að losa undir þindarsvæðinu og niður í kviðarhol en það þyrfti ekki að nudda brjóst. Þá sagði hann að það væri djúp meðhöndlun að leiðrétta líkamsstöðu. Hann kvaðst ekki hafa farið að ræða fullnægingu við 19 ára stúlku eins og brotþoli var þegar atvikin eiga að hafa átt sér stað. Ákærði kvaðst oft hafa nefnt það við skjólstæðinga sína t.d. við karlmenn þar sem hann hafi þurft að vinna á nárasvæði að það geti komið upp tilfinningar. Á þessum tíma sagði ákærði að hver tími hafi verið 40-60 mínútur og honum finnist það ólíklegt að brotþoli hafi verið í klukkustund hjá honum. Ákærði kannaðist við að hafa oft sent skjólstæðingum sínum skilaboð en hann kannaðist ekkert við lýsingar brotþola úr heimsókn hennar til hans 5. janúar 2012 og hann hefði aldrei lent í lífsreynslu eins og brotþoli lýsti eftir þá heimsókn. Það skal ítrekað að ákærði mundi ekki eftir brotþola þannig að það sem hann sagði í umræddri skýrslutöku var í raun almennt um hans starf en átti ekki sérstaklega við brotþola.

#### *Matsgerð:*

Á þeim tíma sem mál þetta kom upp voru til rannsóknar hjá lögreglu fleiri sambærileg mál gegn ákærða og 19. mars 2019 voru gegn mótmælum ákærða dómkvaddir matsmenn þ.e. sérfræðingur í greiningu og meðferð stoðkerfis og sérfræðingur í kvensjúkdóma- og fæðingarsjúkraþjálfun, til að meta hvort og þá að hvaða marki háttsemi ákærða „samræmist viðurkenndum aðferðum í nuddfræðum, hvort hann hafi hagað meðferðum sínum í samræmi við viðurkenndar verklagsreglur og hvort slíkar meðferðir krefjist ákveðinnar menntunar, þjálfunar eða leyfa.“ Síðan var því nánar lýst hvað meta skyldi en matsgerð er dags. 8. október 2019. Samkvæmt matsgerðinni var mál þetta eitt þeirra mála, sem var tilefni hennar, en tilfelli voru 11. Í matsgerðinni kemur fram að ákærði tilheyrði ekki neinni fagstétt og/eða fagfélagi og því hafi gilt fáar reglur um starfsemi hans og hann hafi ekki verið heilbrigðisstarfsmaður. Einnig kemur fram að sjúkranuddarar á Íslandi meðhöndli almennt ekki kynfærasvæði skjólstæðinga og það sé ekki viðurkennd aðferð í nuddfræðum. Þá sé meðhöndlun á kynfærasvæði ekki hluti af meðferð almennra sjúkraþjálfara. Einnig kemur fram að tilefni komu þeirra brotþola, sem matsgerðin fjallar um, til ákærða hafi ekki verið vandamál sem hafi gefið tilefni til meðhöndlunar á kynfærasvæði fyrir utan verki í rófubeini en það átti ekki við um brotþola í þessu máli. En í matsgerðinni kemur fram að hún hafi leitað til ákærða vegna „whiplash“ (áverki á háls) og herða (axlir) og verkja í brjóstbaki (efri hluta baks). Allir þeir brotþolar sem matsgerðin lýtur að áttu það sameiginlegt að hafa fengið meðferð eða skoðun við leggöng og/eða endaparm. En enginn þeirra hafi verið með vandamál sem hafi gefið tilefni til að meðferð færi fram í gegnum leggöng eða endaparm að rófubeinsáverka undanskildum. Meðferð í gegnum leggöng og endaparm sé viðurkennd aðferð/meðferð í ákveðnum tilgangi en þeir sem hana noti þurfi að hafa til þess sérhæfða

þekkingu og þjálfun til að uppfylla faglegar kröfur á hverjum tíma. Þá þurfi einnig að hafa siðareglur að leiðarljósi en þær setji ákveðinn ramma um samskipti, samþykki, friðhelgi og virðingu skjólstæðings. Þær setji einnig meðferðaraðila ákveðin mörk varðandi val á meðferðarformi. Í slíkum tilfellum sé meðferðin og tilgangur hennar útskýrður vandlega fyrir skjólstæðingi og hann spurður út í frábendingar við meðferð til að útiloka að meðferðin verði skaðleg fyrir viðkomandi. Þá sé viðkomandi boðið að hafa einhvern viðstaddan meðferðina og hann gefi samþykki, skriflega eða munnlega, áður en meðferðin fer fram og eftir meðferð sé ferlið skráð í sjúkraskrá. Í matsgerðinni segir að nuddarar stundi ekki meðferð á kynfærasvæði eða í gegnum leggöng og endaparm og í grunnnámi sjúkraþjálfara séu ekki kennd nein meðferðarform sem krefjast innri meðferðar. Til að þeir geti stundað slíka meðferð þurfi þeir sérfræðikunnáttu þ.e. tilhlýðilega menntun og þjálfun. Sjúkraþjálfarar hér á landi sem veiti slíka meðferð starfi yfirleitt undir leiðsögn sérfræðinga í kvensjúkdóma- og fæðingarsjúkraþjálfun.

Í samantekt matsgerðar segir að ákærði hafi 408 klst. nuddnám að baki en sé að öðru leyti sjálfmenntaður og standist ekki menntunarkröfur heilsunuddara. Hann hafi stundað háhraðahnykkingar og innri meðferð (gegnum leggöng og endaparm) sem hann sé sjálfmenntaður í. Tilgangur meðferðar sé óskýr og það vanti upp á að upplýsa skjólstæðinga um hana en brotaþolar hafi ekki veitt samþykki fyrir meðferðinni hvorki munnlega né skriflega. Ákærði spyrji ekki út í frábendingar fyrir meðferð og noti ekki hlutlægar mælingar við skoðun og mat á árangri meðferðar. Þá haldi hann ekki skráningu um skjólstæðinga sína. Samkvæmt viðurkenndum meðferðum í sjúkraþjálfun gefi ekkert þeirra vandamála, sem brotaþolar í málum ákærða hafi glímt við, ástæðu til að meðferðin hafi farið fram í gegnum leggöng eða endaparm að rófubeinsáverka undanskildum. Sé horft á þær kröfur sem gerðar séu til þeirra sem stunda sambærilega meðferðaaðferðir innan heilbrigðiskerfisins hafi ákærði ekki haft tilhlýðilega menntun til að stunda þá meðferð sem hann hafi boðið upp á.

#### *Niðurfelling máls o.fl.:*

Með bréfi héraðssaksóknara dags. 13. maí 2020 var mál brotaþola fellt niður þar sem það sem fram var komið við rannsókn málsins var ekki talið nægjanlegt til sakfellis, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Brotaþoli kærði niðurfellingu málsins til ríkissaksóknara og með ákvörðun dags. 15. september 2020 felldi ríkissaksóknari ákvörðun héraðssaksóknara um niðurfellingu málsins úr gildi og lagði fyrir hann að hlutast til um frekari rannsókn og taka málið aftur til meðferðar að rannsókn lokinni. Að lokinni þeirri rannsókn var ákæra í máli þessu gefin út.

Með dómi réttarins 6. janúar 2021 var ákærði sakfelldur fyrir nauðgun gegn fjórum konum á meðferðarstofu sinni á árunum 2009, 2010, 2011 og 2015 þar sem atvik voru með sambærilegum hætti og í máli þessu en um var að ræða eitt brot gegn hverjum brotaþola í því máli. Var refsing ákærða ákveðin fangelsi í fimm ár en með dómi Landsréttar í máli nr. 100/2021 frá 5. nóvember 2021 var refsingin þyngd í sex ára fangelsi.

#### *Skýrsla sálfræðings:*

Samkvæmt vottorði C, sálfræðings, dags. 15. febrúar 2021, skýrði brotaþoli frá kynferðisbroti í viðtali í júlí 2018. Brotaþoli hafi sýnt einkenni áfallastreitu og kvíða í kjölfar brotsins. Hún hafi skýrt frá því að ákærði hafi brotið gegn henni kynferðislega í

nuddtíma og það hafi haft langvarandi áhrif á hugsanir, hegðun og tilfinningar brotaþola og valdið henni kvíða og streitu í daglegu lífi. Sálfræðingurinn hafi merkt þau langvarandi sálrænu áhrif sem umrædd upplifun hafði á brotaþola.

### III

#### *Framburður ákærða og vitna fyrir dómi:*

Ákærði, Jóhannes Tryggvi Sveinbjörnsson, nýtti sér rétt sinn til að gefa ekki skýrslu fyrir dómi en kvaðst standa við framburð sinn hjá lögreglu og vísaði til hans. Hann tók þó fram að hann myndi lítið eftir brotaþola en hann myndi eftir móður hennar og systur. Ákærði fullyrta samt fyrir dómi að hann hafi ekki brotið gegn brotaþola, ekki nuddað rass hennar né brjóst og ekki sett finger í leggöng hennar.

Brotaþoli og vitnið, A, kvaðst hafa lent í árekstri árið 2010 og fengið „whiplash“ (svipuværka) og eftir það farið til sjúkrahjálfa en ekki fengið bót meina sinna. Hún kvaðst hafa heyrt af ákærða í skautafélagi en hún hafi æft skauta á þessum tíma og þá vissi hún að ákærði hefði aðstoðað móður hennar. Brotaþoli kvaðst einnig hafa farið einu sinni til ákærða með móður sinni vegna beinhimnubólgu. Hún kvaðst hafa vitað að hann stundaði m.a. hnykkingar. Brotaþoli kvaðst hafa flutt út til Danmerkur 11. ágúst 2011 og þann dag farið í tíma hjá ákærða þar sem hann hafi hnykkt háls og herðablöð. Hann hafi þá nefnt að brotaþoli væri spenn og lokaður persónuleiki og einnig sagt að systir hennar væri sæt. Afi brotaþola hafa dáið haustið 2011 og þegar hún hafi komið til Íslands í útför hans hafi móðir hennar pantað tíma hjá ákærða. Ákærði hafi þá gert athugasemdir við persónuleika hennar en þegar hún hafi legið á maganum hafi hann tekið buxur hennar niður, beygt annan fótinn á henni en síðan nuddað rass hennar.

Brotaþoli kvaðst síðan hafa komið heim um jólin 2011 og þá hafi móðir hennar pantað tvo tíma hjá ákærða 3. og 5. janúar 2012. Í fyrri tímanum hafi brotaþoli legið á maganum á bekk, með hægri fótinn beygðan og hendur niður með síðum en ákærði hafi sett hana í þessa stöðu. Hann hafi síðan fært nærbuxur og leggings buxur brotaþola niður þannig að þær hafi ekki hulið kynfærasvæðið. Hún hafi því legið berskjölduð á bekknum þegar ákærði hafi farið að nudda rass hennar og síðan nálgast nárann og spurt hvort hún hafi prófað tantranudd en hún hafi neitað því. Hann hafi síðan nuddað innri og ytra barma á kynfærum hennar og snípinn. Meðan á þessu hafi staðið hafi engin samskipti verið á milli brotaþola og ákærða. Ákærði hafi síðan hætt þessu og hún líklega snúið sér sjálf á bakið en hann þá látið hana setja hendur yfir höfuð. Hann hafi síðan nuddað handarkrika en loks nuddað á henni brjóstin. Í lok tímans hafi ákærði tekið fram að móðir hennar fengi ekki svona lúxusnudd og brotaþoli ætti að njóta flæðisins í mjöðminni. Hann hafi einnig sagt að gamlar tilfinningar gætu vaknað hjá brotaþola við þessa meðferð sem gæti einnig hjálpað henni við fullnægingar. Hún hafi þá sagt við ákærða að hún finndi engan mun á bakinu á sér en hún hafi verið hjá ákærða vegna verkja í baki og herðum. Hann hafi þá sagt að þau myndu taka bakið í næsta tíma. Sama dag kvaðst brotaþoli hafa sagt B vinkonu sinni frá tantranuddi og að ákærði hafi snert á henni kynfærin en ekki lýst því í smáatriðum. Þegar þær hafi verið saman sama dag hafi brotaþoli fengið SMS skilaboð frá ákærða og hann spurt hvort ekki væri allt í lagi.

Brotaþoli kvaðst hafa verið í vafa um hvort hún ætti að fara í seinni tímann til ákærða miðað við það sem hafi gerst í fyrri tímanum. Brotaþoli kvaðst hins vegar ekki hafa vitað

hvernig hún ætti að skýra það fyrir móður sinni ef hún færi ekki í tímann og hún vildi ekki eyðileggja þá meðferð sem móðir hennar væri í hjá ákærða en brotaþoli kvaðst hafa vitað að ákærði hefði hjálpað móður hennar og hún haft mikla trú á honum. Þá kvaðst brotaþoli hafa haft væntingar um að ákærði gæti hjálpað henni og hann hefði sagt henni eftir fyrri tímann að í næsta tíma myndu þau fara í bakið. Daginn eftir fyrri tímann kvaðst brotaþoli hafa fengi SMS frá ákærða þar sem hann hafi spurt hvort hann mætti færa tímann hennar daginn eftir og hvort hann hafi verið grófur í fyrri tímanum.

Brotaþoli kvaðst hafa mætt í seinni tímann í ljótum bómullarnærbuxum en í fyrri tímanum hafi hún verið í rauðum nærbuxum og hugsað hvort það hafi getað valdið einhverjum misskilningi. Seinni tíminn hafi líklega verið síðasti tíminn hjá ákærða þann dag. Þá hafi ákærði strax farið í að nudda kynfæri brotaþola þ.m.t. sníp og aftur í endaparm og sett fingur inn í leggöng hennar. Brotaþoli kvaðst hafa frosið á bekknum við þetta. Ákærði hafi verið grófari en í fyrri tímanum og brotaþoli m.a. meitt sig við leggangaopið en hún hafi ekki getað hreyft sig. Þegar þetta hafi gerst aftur hafi ákærði spurt hvort þetta hafi verið of mikið og brotaþoli hafi svarað því játandi. Hún hafi þá farið yfir á bakið og ákærði tekið hana úr brjóstahaldara og nuddað á henni brjóstin. Í lok tímans hafi ákærði sagt að hann kæmi stundum til Danmerkur og gæti þá tekið brotaþola í tíma. Brotaþoli sagði að tíminn hafi líklega tekið um eina og hálf klukkustund í staðinn fyrir um hálf klukkustund eins og hann hafi líklega átt að vera og ákærði hafi líklega nuddað kynfæri brotaþola í um 30 mínútur. Brotaþoli kvaðst hafa sagt B vinkonu sinni eftir tímann að ákærði hafi farið í klofið á sér.

Brotaþoli sagði að í hvorugum tímanum hafi ákærði útskýrt hvað hann væri að gera né leitað samþykkis fyrir því sem hann gerði. Hún viti ekki hvort ákærði hafi örvast við að meðhöndla hana enda hafi hún ekki viljað sjá hann og því verið með lokuð augun.

Brotaþoli kvaðst eftir því sem frá leið hafa farið að segja einhverjum lítilliga frá því sem hafði gerst í tímunum hjá ákærða í þeim tilgangi að fá fram viðbrögð en hún hafi ekki sagt nákvæmlega frá því sem gerðist. Árið 2013 hafi hún verið með stödd í Danmörku með vinkonum úr skautahóp og þá hafi hún sagt aðeins frá þessu m.a. tantranuðdinu. Brotaþoli hafi síðan verið með systur sinni í Bandaríkjunum sumarið 2015 og sagt henni þá frá því sem gerst hafði hjá ákærða. Einnig hafi hún sagt D sem bjó með henni í Danmörku og fleirum frá þessu. Þegar hún hafi byrjað í lögfræði árið 2013 í Danmörku hafi hún farið að spyrja kennara sem kenndi henni refsirétt út í þetta. Þá hafi hún hugsað hvort fleiri konur hefðu lent í ákærða og hvort hún gæti þá hjálpað þeim. Hún hafi rætt þetta við móður sína árið 2016 en móðir hennar hafi þá verið hætt í meðferð hjá ákærða. Brotaþola hafi langað að gera eitthvað meira í málinu en „Me too“ byltingin hafi verið einum of mikið fyrir brotaþola. Haustið 2018 kvaðst hún hafa verið á Íslandi og þá hafi móðir hennar sýnt brotaþola Fréttablaðið þar sem greint hafi verið frá nuddara sem hafi brotið gegn konum og það hafi reynst vera ákærði. Þá hafi brotaþoli hugsað að nú væri kominn tími til að gera eitthvað í málinu og haft samband við Sigrúnu Jóhannsdóttur lögmanns vegna málsins sem hafi aðstoðað brotaþola í kæruférlinu.

Brotaþoli lýsti því að háttsemi ákærða hafi haft mikil áhrif á hana og hún m.a. glímt við kvíða og þunglyndi vegna þess. Þá hafi hún einnig forðast að leita til sjúkraþjálfara en hún hafi m.a. glímt við axlarskaða. Hún hafi leitað til sálfræðings og skýrt henni frá málinu.

Vitnið, E, sagði að hún og brotaþoli hafi verið vinkonur síðan í grunnskóla. Líklega sama dag eða daginn eftir að brotaþoli hafi verið hjá ákærða hafi hún sagt vitninu að tíminn hafi verið skrytinn og óþægilegur og henni hafi ekki liðið vel. Brotaþoli hafi sagt að hún hafi verið nudduð á rassi og í nára og það hafi verið óviðeigandi og mikið en hún hafi ekki lýst því nánar. Vitnið mundi ekki hvort þetta hafi verið eftir fyrri eða seinni tímamann í ársbyrjun 2012. Vitnið hafi síðan búið í [...] á árunum 2014-2018 og það hafi líklega verið nær 2014 þegar brotaþola hafi liðið illa sem hún hafi viljað segja vitninu nánar frá því sem hafði gerst hjá ákærða. Hún hafi þá sagt að hann hafi stungið fingri inn í hana en vitnið myndi ekki hvort það hafi verið í leggöng eða endaparm. Vitnið kannaðist við samskipti, sem það hafði átt við brotaþola á facebook, í kjölfar tíma hennar hjá ákærða.

Vitnið, B, kvaðst hafa æft listskauta með brotaþola og svo hafi þær verið saman í bekk í Verslunarskóla Íslands. Brotaþoli hafi verið slæm í baki eftir bísllys og því leitað til ákærða. Vitnið sagði að eftir tíma hjá ákærða hafi brotaþoli sagt vitninu að hann hafi snert kynfæri hennar og sagt að það gæti hjálpað brotaþola við fullnægingu og aukið ánægju í kynlífi. Vitnið sagði að þetta hafi verið óþægilegar samræður og staða og því hafi brotaþoli og vitnið rætt þetta lítið. Brotaþola hafi greinilega liðið illa, verið þögul og ekki verið eins og hún átti að sér að vera. Ákærði hafi sent brotaþola SMS skilaboð og spurt hvort hann hafi verið grófur. Vitnið kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir hvað þetta hafi verið alvarlegt og brotaþoli hafi farið aftur til ákærða en henni hafi liðið óþægilega með það. Fyrst eftir að atvik urðu hafi málið í raun verið grafið niður. Vitnið sagði að hún og brotaþoli hafi síðan ekki rætt þetta mikið fyrir en mál ákærða hafi komið til umfjöllunar opinberlega en vitnið kvaðst lítið hafa fylgst með fjölmiðlaumfjöllun um mál ákærða. Vitnið kannaðist við samskipti við brotaþola á facebook, í kjölfar tíma hennar hjá ákærða.

Vitnið, F, sagði að hún væri búin að vera besta vinkona brotaþola síðan á barnsaldri. Brotaþoli hafi sagt vitninu á facebook, eftir að hún hafi verið í nuddi, að hún hafi verið í tantranuddi en vitnið hafi haldið að brotaþoli væri að grínast og þær ekki rætt þetta meira. Árið 2017 hafi þær verið á líkamsræktarstöð og farið að ræða saman. Vitnið hafi þá sagt brotaþola frá broti sem vitnið hafi orðið fyrir og þá hafi brotaþoli sagt að nuddari hafi brotið gegn henni og það hafi því ekki verið grín sem brotaþoli hafi sagt frá fimm árum fyrir. Brotaþoli hafi lýst því að nuddarinn hafi farið inn í hana með fingur og strokið henni á óeðlilegan hátt. Ári síðar þegar þær hafi verið í Dublin hafi verið þungt yfir brotaþola en eftir þá ferð hafi hún farið að opna sig aftur og sagt vitninu nákvæmlega hvað hafði gerst. Eftir það hafi vitnið og brotaþoli rætt þetta oft og ítarlega en fyrir það kvaðst vitnið hafi fundið að það væri eitthvað að angra brotaþola. Það hafi verið henni mikil vonbrigði þegar málið hafi verið fellt niður og hún hafi glímt við þunglyndi og vanlíðan.

Vitnið og systir brotaþola, G, sagði að hún hafi verið með brotaþola í Bandaríkjunum sumarið 2015. Brotaþoli hafi þá sagt vitninu að ákærði hafi brotið gegn henni. Hún hafi spurt vitnið hvernig hún hefði upplifað ákærða og sagt að ákærði hafi sagt að brotaþoli ætti fallega systur. Brotaþoli hafi sagt að hún hafi frekar verið í tantranuddi hjá ákærða heldur en í sjúkrameðferð og hann hafi nuddað rass og brjóst brotaþola lengi en hún hafi frosið. Brotaþoli hafi sagst hafa farið aftur til ákærða vegna þess að hann hafi þá ætlað að meðhöndla bakið. Þá hafi það sama endurtekið sig og ákærði m.a. sett fingur í leggöng brotaþola en það hafi ekki getað verið eðlilegt miðað við kvilla hennar. Vitnið sagði að brotaþola hafi liðið illa þegar hún hafi sagt vitninu frá þessu og þetta hafi skemmt mikið fyrir brotaþola m.a. vegna kvíða sem hún hefði ekki glímt við áður en hún fór til ákærða.

Brotapoli hafi á sínum tíma ekki þorað að stíga fram en þótt slæmt að gera það ekki ef það gæti hjálpað öðrum. Henni hafi liðið illa þegar málið var til umfjöllunar.

Vitnið og móðir brotþola, H, kvaðst hafa verið í meðferð hjá ákærða vegna bakverkja og hún hafi fengið hjálp hjá honum. Brotapoli hafi verið verkjuð í nóvember 2011 þegar hún hafi komið til Íslands í útför afa síns og vitnið þá bent brotþola á ákærða og hún farið í einn tíma til hans. Þegar vitnið hafi spurt brotþola hvernig henni hafi líkað hafi hún gefið lítið út á það en vitnið hafi kvatt hana til að fara aftur til ákærða og hún farið í tvo tíma til ákærða um jólin. Eftir seinni tímamann hafi brotþoli verið í uppnámi, farið í sturtu þegar hún hafi komið heim og lítið viljað ræða um meðferðina hjá ákærða en sagt hana ekki gera gagn. Brotapoli hafi ekki sagt vitninu hvað hefði gerst. Þegar hún hafi verið komin aftur til Kaupmannahafnar hafi hún verið illa á sig komin og liðið illa bæði andlega og líkamlega og heimilislæknir hafi komið henni í kvíða- og þunglyndis meðferð. Sumarið 2016 þegar brotþoli hafi komið heim til Íslands hafi hún spurt vitnið hvort hún væri enn þá í meðferð hjá ákærða en vitnið kvaðst aðeins hafa farið í einn tíma til hans eftir að brotþoli var honum í ársbyrjun 2012. Brotapoli hafi þá sagt vitninu að hún skyldi ekki fara aftur til ákærða því hann hefði brotið gegn brotþola m.a. með því að nudda rass hennar og setja fingur í leggöng en hún hafi ekki viljað fara nánar út í það. Brotapoli hafi sagt að ákærði hafi sent henni SMS skilaboð eftir tímamann en hún ætti þau ekki lengur og hún hafi verið leið yfir því. Fyrir jólin 2017 hafi brotþoli komið heim úr skóla og sagt að hún gæti ekki meir en hún hafi alltaf farið í baklás þegar minnst hafi verið á ákærða. Sumarið 2018 hafi brotþoli séð frétt um ákærða og þá farið til Sigrúnar Jóhannsdóttur lögmanns daginn eftir. Vitnið kvaðst hafa velt því fyrir sér áður en brotþoli sagði henni frá háttsemi ákærða hvað væri að angra hana en vitnið hafi aldrei tengt það við kynferðisbrot.

Vitnið, D, kvaðst hafa búið með brotþola í Kaupmannahöfn vorið 2016. Hún hafi hún sagt vitninu frá meðhöndlun, sem hún hafi verið í vegna bakvandamála, en þá hafi eitthvað kynferðisbrot átt sér stað. Hún hafi lýst því eitthvað nánar en vitnið mundi ekki nákvæmlega hvað hún hafi sagt fyrir utan það að það hafi verði farið inn á óviðeigandi svæði en vitnið mundi ekki hvort það hafi verið leggöng eða endaparmur. Brotþoli hafi verið nudduð en síðan verið farið inn á óviðeigandi svæði. Það hafi tekið á brotþola að segja frá þessu eins og það hafi hvílt þungt á henni. Vitnið vissi ekki hvort brotþoli hafði leitað sér hjálpar á þeim tíma.

Vitnið, I, kvaðst hafa verið með brotþola í lagadeild Háskóla Íslands þegar hún hafi verið þar í skiptinámi. Brotþoli hafi sagt vitninu frá broti nuddara í nóvember 2017 en þá hafi kynferðisbrot verið til umfjöllunar. Hún hafi fyrst sagt vitninu frá þessu í facebook skilaboðum og sagt að nuddari hafi snert kynfæri hennar og sett fingur í leggöng. Þegar brotþoli hafi sagt frá þessu hafi hún verið í uppnámi og átt erfitt með að skýra frá þessu. Vitnið kvaðst síðan hafa séð umfjöllun um brot nuddara í fjölmiðlum líklega haustið 2018 og þá spurt brotþola hvort þetta væri maðurinn sem hafi brotið gegn henni og hún hafi sagt að svo væri. Hún hafi sagt að móðir hennar hafi komið sér í samband við nuddarann og hún hafi orðið reið þegar málið hafi verið fellt niður á sínum tíma.

Vitnið, J, kvaðst hafa kynnst brotþola á árinu 2007 en þær hafi æft saman skauta í nokkur ár og vitnið kvaðst einnig þekkja systur hennar. Vitnið sagði að nokkrar vinkonur frá skautunum hafi farið saman til Kaupmannahafnar í júní 2013 og þá hafi brotþoli opnað sig um málið þar sem þær hafi verið nokkrar saman. Það hafi verið eins og hún

hafi verið að kanna viðbrögð vinkvinnanna við því að ákærði hefði snert staði á brotþola sem ekki væri í lagi að snerta. Hún hafi spurt vitnið, sem er sjúkraþjálfari, hvort þetta væri í lagi en hún hafi verið nudduð á á brjóstum og kynfærum og farið inn í kynfæri hennar. Brotþoli hafi einnig sagt að nuddarinn hafi spurt hvort hún hefði prófað tantraudd. Brotþoli hafi verið stressuð þegar hún hafi verið að segja frá þessu og liðið óþægilega en þær ekki rætt þetta aftur.

Vitnið, K, kvaðst hafa unnið með brotþola í Kaupmannahöfn og þær hafi búið saman á tímabili en þær væru vinir. Árið 2013 eða 2014 hafi brotþoli hafi sagt vitninu að haustið sem afi hennar hafi dáið og hún verið á Íslandi hafi hún farið í nuddtíma. Brotþoli hafi fengið meira en nudd eða svokallað tantraudd en hún hafi ekki lýst því nánar. Vitninu hafi fundist eins og brotþoli skammaðist sín og hún hafi gert grín að þessu. Það hafi verið eins og hún hafi viljað segja meira en ekki lagt í það. En þegar málið hafi verið orðið opinbert hafi brotþoli rætt þetta meira.

Vitnið, C, sagði að brotþoli hafi komið til sín í mars 2018 vegna kvíða en hún hafi þá verið á lyfjum. Vitnið sagði að brotþoli hafi lýst óöryggi, depurð, félagskvíða, svefnvandamálum og neikvæðri líkamsupplifun. Eftir 3-4 tíma hafi hún lýst fyrir vitninu brotum ákærða og þá hafi vitnið áttað sig betur á vandamálum brotþola og hvernig þau kæmu heim og saman við kynferðisbrot. Brotþoli hafi lýst brotum ákærða í smáatriðum þ.e. að hann hafi spurt um tantraudd, dregið nærbuxur hennar niður, nuddað rass, brjóst og kynfæri og sett fingur inn í leggöng hennar en á meðan hafi hún legið frosin á bekknum. Hafi þetta verið sambærilegt í tveimur tímum hjá ákærða en gerst hraðar í seinni tímanum. Ákærði hafi sagt að þetta gæti losað um spennu en brotþola hafi fundist þetta slæmt og lýst því sem óþægilegu. Brotþoli hafi sýnt merki um áfallastreitu og endurupplifanir af einhverju sem minntu á brotið og komist í uppnám í aðstæðum sem minntu á það. Hún hafi lýst langvarandi streitu vegna málsins og kvíði valdið henni skertum lífsgæðum. Brotþoli hafi komið í tólf tíma hjá vitninu á árunum 2018 og 2019. Í október 2018 þegar fjallað hafi verið um málið í fjölmiðlum hafi brotþoli upplifað sektarkennt yfir því að hafa ekki sagt frá á sínum tíma og hugsanlega þá komið í veg fyrir fleiri brot ákærða. Brotþoli hafi hugsað stöðugt um málið frá því að atvik urðu og vitnið fullyrti að vanlíðan hennar mætti rekja til kynferðisbrota ákærða.

Vitnið, L, kvaðst hafa starfað með ákærða í Ármúla árið 2013. Vitnið hafi m.a. annast símsvörun o.fl. en það vildi sem minnst muna eftir þessum tíma. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstödd meðferð í gegnum leggöng en ákærði hafi rætt um slíka meðferð en þó ekki ítarlega. Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt meðferð við rófubein en ekki tantraudd.

Vitnið, M, kvaðst hafa unnið með ákærða frá júní 2017 þar til mál hans komu til umfjöllunar í fjölmiðlum en hann hafi veitt meðferð við stoðkerfisvandamálum. Vitnið vissi ekki um meðferðir í gegnum leggöng eða endaparm en ákærði hafi rætt slíkar meðferðir við vitnið eftir að málið kom upp og hann hafi þá útskýrt sína hlið málsins. Slík meðferð hafi átt að losa um spennu en ekki hafa verið rætt um tantraudd eða fullnægingar. Vitnið kvaðst aldrei hafa verið viðstatt meðferð um leggöng eða endaparm.

Vitnið, N, kvaðst hafa unnið hjá ákærða en hann hafi meðhöndlað stoðkerfisvandamál og m.a. sinnt meðferð í gegnum endaparm í tengslum við rófubein. Vitnið kvaðst ekki þekkja hvernig meðferð ákærði veitti vegna rófubeins. Ákærði hafi rætt almennt um meðferð í gegnum leggöng og það væri hægt að veita slíka meðferð en ákærði hafi ekki

nefnt að hann veitti slíka meðferð og þá hafi tantranudd ekki verið rætt né að losa um spennu.

Vitnið, O, sagði að ákærði hafi verið kunningi hennar og vitnið líklega unnið hjá honum í um tvo ár með hléum frá 2016. Vitnið kvaðst hafa nuddað og mýkt skjólstæðinga ákærða en hann svo tekið við. Vitnið sagði að ákærði hafi ekki gert skriflegar meðferðaráætlanir og hann hafi sagt frá því að hann hafi meðhöndlað konu í gegnum leggöng í kjölfar fæðingar. Vitnið kvaðst fyrst hafa heyrt af meintum brotum ákærða árið 2017 eða 2018 og hann hafi þá sagt að þetta væri árás á hann.

Vitnið, P, lögmaður, sagði að nokkrar konur hefðu leitað til hennar á árinu 2018 vegna ætlaðra kynferðisbrota ákærða í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar. Í viðtali við vitnið í Morgunblaðinu árið 2015 hafi komið fram að vitnið veitti ókeypis ráðgjöf vegna kynferðisbrota og veitt slíka þjónustu frá árinu 2011. Vitnið kvaðst ekki hafa auglýst eftir brotapolum ákærða á fölsuðum facebook aðgangi og vitnið kannaðist ekki við sérstaka auglýsingu þar sem hún hafi átt að taka við svörum. Vitnið sagði að brotapolu hafi líklega leitað til sín með tölvupósti. Vitnið kvaðst líklega hafa rætt við á fjórða tug kvenna vegna ætlaðra brota ákærða en um 16 hafi farið í skýrslutöku hjá lögreglu og lagt fram kærur. Í kynferðisbrotamálum kvaðst vitnið undirbúa brotapola fyrir skýrslutöku þ.e. upplýsa um hvernig skýrslutakan fari fram en vitnið hafi ekki áhrif á framburð þeirra. Vitnið kvaðst einnig oft afhenda lögreglu lista með hugsanlegum vitnum en vitnið mundi ekki hvort það hafi verið gert í máli brotapola í þessu máli.

Hinir dómkvöddu matsmenn Halldóra Eyjólfsdóttir og Gunnar Svanbergsson staðfestu matsgerð sína fyrir dóminum en ekki þykir ástæða til að rekja framburð þeirra sérstaklega. Matsmennirnir fullyrtu þó báðir að kvillar brotapola hafi ekki getað kallað á meðferð um leggöng eða endaparm.

#### IV

##### *Sjónarmið ákærða:*

Verjandi ákærða skilaði greinargerð en hún fjallar að stærstum hluta um aðdraganda þess að kærur komu fram frá nokkrum konum gegn ákærða fyrir kynferðisbrot. Tiltekinn lögmaður ásamt brotapolu máls þessa hafi auglýst á veraldarvefnum eftir konum sem kynnu að hafa slæma reynslu af fyrirtæki ákærða Postura. Þær kærur, sem hafi komið fram, eigi það sammerkt að bein sönnunargögn skorti í öllum tilvikum og ekki hafi verið öðru til að dreifa en framburði brotapola og ákærða og eftir atvikum vitna sem gátu borið óbeint um atvik sem oft á tíðum hefðu gerst mörgum árum áður en kært var. Þá tekur verjandi fram að við mat á sönnunargildi vitnisburðar skuli m.a. hugað að afstöðu vitnis til ákærða, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn. Þá sé rétt að setja afstöðu til ákærða í samhengi við hóp málsókn, fjölmiðlaumræðu og síðbúnar kærur. Það dragi úr trúverðugleika allra brotapola sá langi tími sem hafi liðið frá meintum brotum og þar til kært var, samráð, sami réttargæslumaður hafi verið fyrir alla brotapola svo og auglýsing og smölun brotapola. Verði að líta til þess að brotapolu í þessu máli hafi lagt fram kærur mörgum árum eftir að atvik urðu til þess að styðja við frásagnir annarra kvenna sem fjallað hafi

verið um í fjölmiðlum. Þá virðist frásögn brotþola fyrst koma fram eftir fund með réttargæslumanni og í kjölfar fjölmiðlaumræðu um mál ákærða.

Ákærði gerir verulegar athugasemdir við framkvæmd, rannsóknaraðferðir og niðurstöðu fyrrgreindrar matsgerðar og hafnar niðurstöðu hennar sem rangri. Matsmennirnir tilheyri ekki sömu starfsstétt og ákærði og starfi á frábrugnu sviði samanborið við þá þjónustu sem ákærði hafi veitt. Matsmenn hafi ekki getað svarað spurningum út frá nuddfræðum líkt og óskað hafi verið eftir heldur aðeins út frá sjúkraþjálfunarfræðum sem þeir séu sérfræðingar í. Þá sé niðurstaða matsmanna byggð að mestu leyti á frásögnum meintra brotþola án tillits til framburðar ákærða um málsatvik.

## V

### *Niðurstaða:*

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákæruvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði véfengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna. Enn fremur metur dómari, eftir því sem þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. Þá gildir og sú meginregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008.

Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um atvik málsins en raunar er það þannig að ákærði man ekki sérstaklega eftir því að brotþoli hafi sótt tíma til hans samkvæmt framburði hans hjá lögreglu. Ákærði nýtti rétt sinn til að gefa ekki skýrslu fyrir dómi en vísaði til framburðar síns hjá lögreglu. Hann tók þó fram að hann myndi lítið eftir brotþola en hann myndi eftir móður hennar og systur. Ákærði fullyrti samt fyrir dómi að hafa ekki brotið gegn brotþola eins og lýst er í ákæru og hann hafi ekki nuddað á henni rass né brjóst og ekki sett fingur í leggöng hennar. Ákærði tjáði sig ekki frekar fyrir dómi og neitar því sakargiftum.

Brotþoli lýsti atvikum þannig fyrir dómi að í bæði skiptin, sem ákært er fyrir, hafi ákærði fært nærbuxur og leggings buxur hennar niður þannig að þær hafi ekki hulið kynfærasvæðið. Síðan hafi hann nuddað rass og kynfæri þ.m.t skapabarma brotþola þar sem hún hafi legið á maganum á nuddbekk í stellingu, sem ákærði hafi komið henni í, en m.a. hafi hún verið með annan fótinn boginn með il hans við hné hins fótleggsins. En í þeirri stellingu hafi brotþoli verið berskjölduð fyrir ákærða sem hafi komist að rassi og kynfærum hennar. Síðan hafi ákærði látið brotþola fara yfir á bakið, setja hendur yfir höfuð, tekið hana úr brjóstahaldara og síðan nuddað á henni brjóstin. Ákærði hafi einnig sett fingur inn í leggöng brotþola alla vega í seinni tímanum.

Ofangreindur framburður brotþola fyrir dómi er í góðu samræmi við frásögn hennar hjá lögreglu, sbr. framanritað. Framburður hennar fyrir dómi var skýr og stöðugur um sakarefni málsins og samskipti hennar við ákærða að öðru leyti sem og um önnur málsatvik. Er það mat dómsins að framburður brotþola, virtur einn og sér, sé trúverðugur og því hægt að leggja hann til grundvallar þegar komist verður að niðurstöðu í málinu.

Það liggur fyrir að brotþoli lagði ekki fram kærú á hendur ákærða fyrr en mörgum árum eftir að atvik urðu og hún fór aftur til ákærða tveimur dögum eftir að hann braut á henni í fyrra skiptið. Þar sem þær sakir eru alvarlegar, sem brotþoli ber á ákærða, þykir óhjákvæmilegt að taka til skoðunar af hverju hún dró svo lengi að leggja fram kærú og hvers vegna hún fór aftur til ákærða eftir að hann braut á henni í fyrra skiptið. Svára þarf hvort þessi atriði séu til þess fallinn að draga úr áreiðanleika og trúverðugleika frásagnar brotþola.

Brotþoli taldi sig hafa fengið einhvern bata eftir tíma sem hún fór í til ákærða í nóvember og hafði því trú á því að ákærði gæti hjálpað henni. Hún lýsti því síðan að hún hafi eftir tímenn 3. janúar 2012 litið svo á að hugsanlega hafi ákærði misskilið hvers vegna hún hafi leitað til hans og því ekki meðhöndlað bakið á henni eins og hún hafi viljað. Hún hafi hins vegar rætt það við ákærða eftir tímann og hann þá sagt að hann myndi fara í bakið á henni í næsta tíma. Hún hafi einnig hugsað að ef til vill hafi þetta ekki verið jafn slæmt og hún hafi upplifað það. Þá hafi hún ekki viljað þurfa að gefa móður sinni, sem hafi verið í meðferð hjá ákærða, skýringu á því af hverju brotþoli færi ekki aftur til hans. Þá hafi hún ekki heldur viljað eyðileggja meðferð, sem móðir hennar hafi verið í, hjá ákærða en brotþoli hafi vitað að sú meðferð hafði gagnast móður hennar. Brotþoli hafi því haft væntingar til þess að meðferð hjá ákærða myndi gagnast henni.

Samkvæmt framburði brotþola greindi hún vinkonu sinni að einhverju leyti frá því sem gerðist á meðferðarstofu ákærða sama dag og fyrra atvikið átti sér stað. Brotþoli hafi síðan ákveðið að líta þannig á að þetta hafi ekki verið jafn slæmt og það hafi litið út fyrir að vera. Hún hafi einnig velt því fyrir sér hvort hún hafi gert eitthvað rangt eða sent frá sér villandi skilaboð sem hafi orðið til þess sem gerðist. Brotþoli kvaðst hafa sagt vinkonu sinni B í kjölfar tíma hjá ákærða að hann hafi snert kynfæri hennar en ekki lýst því í smáatriðum. Hún hafi síðan rætt þetta við vinkonu sína í Kaupmannahöfn sumarið 2013 en hún hafi vitað að ein þeirra hafi leitað til ákærða. Síðan hafi brotþoli ýtt þessu til hliðar en þetta hafi síðan árin 2014/2015 verið að koma meira upp á yfirborðið hjá henni og farið að angra hana frekar mikið. Hún hafi þá velt því fyrir sér hvort hún treysti sér til að kæra málið. Sumarið 2015 hafi hún síðan sagt systur sinni frá atvikum og þá í raun í fyrsta skipti sagt að ákærði hafi brotið gegn henni þó hún hafi ekki lýst því í smáatriðum með hvaða hætti. Brotþoli hafi einnig nefnt þetta við sambylismann og einhverjar vinkonu. Hún hafi einnig hugsað hvort fleiri konur hafi lent í ákærða og hugsað hvort hún gæti hjálpað öðrum með því að skýra frá því sem gerðist fyrir hana. Brotþoli hafi því stöðugt verið að velta því fyrir sér hvað hún ætti að gera og líklega í árslok 2016 hafi hún sagt móður sinni frá atvikum en hún hafi þá verið hætt í meðferð hjá ákærða. Brotþoli kvaðst hafa þjáðst af kvíða og þunglyndi vegna brota ákærða og hún hafi leitað til sálfræðings vegna þeirra og einnig fengið lyf. Hún hafi síðan séð umfjöllun í fjölmiðli um meint brot ákærða og þá ákveðið að leggja fram kærú á hendur honum. Þau vitni sem brotþoli ræddi atvikin við hafa staðfest að hún hafi gert það og á þeim tímapunktum sem tilgreindir eru hér að framan.

Þegar meint brot áttu sér stað var brotþoli rúmlega tvítug að aldri og því ekki ólíklegt að hún hafi ekki haft styrk til að bregðast við brotum ákærða eins og rétt hefði verið á sínum tíma þ.e. að leggja fram kærú og fara ekki aftur til ákærða eftir að hann braut á henni í fyrra skiptið. Þá hefur brotþoli lýst því að hún hafi hugsað hvort hún hafi gert eitthvað rangt sem hafi orðið til þess að ákærði braut á henni en það eru þekkt viðbrögð þeirra sem verða fyrir kynferðisbrotum og verður gjarnan til þess að brotþolar leggja ekki fram kærur í slíkum málum. Þá eru það þekkt viðbrögð hjá fórnarlömbum

kynferðisbrota að reyna að leiða þau hjá sér og komast hjá því að hugsa um þau með þá vitneskju í huga að það sé erfitt að fylgja slíkum málum eftir með kæru og í óvissu um afdrif þeirra. Gjarnan er það eitthvað utan að komandi sem fær fórnarlömbin til þess að leggja fram kæru eins og virðist hafa orðið raunin í tilfelli brotaþola í þessu máli. Þá hafa brotin og afleiðingar þeirra hafa jafnan fylgt brotaþola í langan tíma með tilheyrandi vanlíðan.

Ákærði telur að samstarf réttargæslumanns og brotaþola við að koma málum gegn ákærða áfram sé augljóst og það þurfi ekki endilega að vera óeðlilegt nema fyrir þær sakir að því hafi verið leynt og ranglega frá því sagt. Það vekur upp spurningar um framburð allra þeirra, sem koma að málinu, þ.e. hvort tilgangurinn helgi meðalið og Me too byltingin hafi haft óeðlileg áhrif á allan málatilbúnaðinn. Dómurinn dregur ekki í efa að Me too byltingin hafi orðið til þess að margar íslenskar konur hafi ígrundað stöðu sína gagnvart karlmönnum og þær leitt hugann að því hvort þær hafi sætt kynferðislegri áreitni eða kynferðisofbeldi sem þær hafi ekkert gert í þegar það hafi átt sér stað. Hins vegar er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að viðkomandi réttargæslumaður hafi með einhverjum hætti haft áhrif á það að brotaþoli lagði fram kæru í málinu og borið með þeim hætti sem hún gerði hjá lögreglu. Þá verður ekki séð að frásögn brotaþola sé lituð af upplifun annarra kvenna sem kvörtuðu undan ákærða og/eða lögðu fram kæru á hendur honum. Hins vegar virðist m.a. sú staðreynd að fjallað var opinberlega um hugsanleg brot ákærða hafa gefið brotaþola þann styrk, sem hana áður skorti, til að leggja fram kæru á hendur honum.

Að ofanrituðu virtu telur dómurinn að skýringar brotaþola á því hvers vegna hún fór aftur til ákærða og hvers vegna hún lagði ekki fram kæru fyrr en löngu eftir að brotin áttu sér stað trúverðugar. En í því sambandi verður m.a. að hafa í huga að brotaþoli var ekki nema rúmlega tvítug þegar atvik urðu, styrkur hennar væntanlega í samræmi við það og ákærði í yfirburðarstöðu gagnvart henni. Hvað þetta varðar var framburður brotaþola hjá lögreglu og fyrir dómi mjög á sama veg sem og að öðru leyti.

Eins og fram er komið kannaðist ákærði ekki við í skýrslutöku hjá lögreglu að brotaþoli hafi komið í meðferð hjá ákærða á sínum tíma en með hliðsjón af atvikum málsins verður að telja ólíklegt að svo sé enda telur dómurinn sannað að brotaþoli hafi sótt tíma hjá ákærða. Þar sem hann mundi eftir móður og systur brotaþola verður að telja líkur til þess að ákærði ætti einnig að muna eftir brotaþola. Framburður ákærða hvað þetta sem og annað varðar verður því ekki lagður til grundvallar í málinu.

Það skal tekið fram að rétt er að leggja ekki of mikið upp úr óbeinu sönnunargildi framburða vitna sem tengd eru brotaþola með einhverjum hætti. Það er þó mat dómsins að vitnisburður þeirra sé trúverðugur og styðji þá ályktun að eitthvað óeðlilegt hafi gerst í samskiptum ákærða og brotaþola og auki þannig á trúverðugleika framburðar brotaþola hér fyrir dómi.

Vitnið, E, vinkona brotaþola frá því í grunnskóla sagði að í kjölfar tíma sem hún hafi farið í til ákærða hafi hún sagt vitninu frá því að tíminn hafi verið skrýttinn og óþægilegur. Brotaþoli hafi verið nudduð á rassi og í nára og það hafi verið óviðeigandi og mikið. Nokkrum árum seinna hafi brotaþoli sagt vitninu nánar frá því sem hafði nákvæmlega gerst en m.a. hafi ákærði stungið fingri inn í leggöng eða endaparm brotaþola.

Í facebook samskiptum vitnisins E og brotþola frá 4. janúar 2012 segir brotþoli frá því að ákærði hafi sent henni SMS skilaboð og spurt m.a. hvort hún geti komið kl. 14:00 í seinni tímann daginn eftir. Brotþoli segist vera því fegin en þá verði hún ekki síðust og segir einnig að ákærði hafi spurt hana hvort hann hafi verið grófur en hann hafi haft smá áhyggjur af því. Brotþoli segist hafa sagt að þetta hafi verið allt í góðu en hún kvíði því að fara aftur á morgun og hún verði stressuð ef hann fari að spyrja út í þetta. Hún segist ekki hafa fundið neinn mun eftir tímann hjá honum og var að velta því fyrir sér hvort hann reyni aftur eða eitthvað.

Vitnið, B, bekkjarsystir brotþola sagði að eftir tíma hjá ákærða hafi hún sagt vitninu að hann hafi snert kynfæri hennar og sagt að það gæti hjálpað brotþola við fullnægingu og aukið ánægju í kynlífi en þær hafi ekki rætt þetta nánar. Brotþola hafi greinilega liðið illa, verið þögul og ekki verið eins og hún átti að sér að vera en ákærði hafi sent brotþola SMS skilaboð og spurt hvort hann hafi verið grófur. Brotþoli hafi farið aftur til ákærða en liðið óþægilega með það. Vitnið og brotþoli hafi síðan ekki rætt þetta mikið fyrr en mál ákærða hafi komið til umfjöllunar opinberlega.

Í facebook samskiptum vitnisins B og brotþola frá janúar 2012 segir hún við vitnið að það megi ekki segja neinum frá þessu með nuddið en brotþoli sé enn þá í áfalli yfir því. Hún segir einnig að hún sé að verða stressuð yfir fimmtudeginum af því að hann ætli að „taka hana“ aftur eins og móðir hennar kalli það. Þá kemur það sama fram og í ofangreindum samskiptum brotþola við vitnið E að ákærði hafi sent brotþola SMS skilaboð og spurt hvort hann mætti færa tímann hennar og hvort hann hafi verið grófur. Hún hafi sagt að þetta hafi verið allt í góðu og þá hafi ákærði sagt Good. Brotþoli tekur fram að hann ætli bara að taka hana í baknudd á morgun og þá segist vitnið B vona það og hún yrði orðlaus ef hún myndi lenda í þessu. Þá segir brotþoli að ákærði sé greinilega með mórál yfir þessu og örugglega hræddur um að hún hafi tekið þessu illa þar sem hún sé bara 20 ára stelpa og hann fullorðinn karlmaður og brotþoli haldi að ákærði hafi ekki meint þetta á illan veg. Brotþoli segir að ákærði hafi verið „að krossa línuna þarna“ en þetta hefði verið fínt ef hún hefði verið að fara í tantranudd en hún hafi verið að fara í baknudd. Brotþoli segist vera með áhyggjur yfir því að fara til ákærða á morgun og spyr hvað hún eigi að segja ef hann fari að spyrja hana út í þetta. Þá segir vitnið B að þetta sé vandræðaleg staða sem brotþoli sé í.

Vitnið, F, vinkona brotþola frá barnsaldri sagði að hún hafi sagt vitninu á facebook, eftir að hún hafi verið í nuddi, að hún hafi verið í tantranuddi en vitnið hafi haldið að brotþoli væri að grínast og þær ekki rætt þetta meira. Árið 2017 hafi þær verið á líkamsræktarstöð og þá hafi brotþoli sagt að nuddari hafi brotið gegn henni og lýst því að hann hafi farið inn í hana með fingur og strokið henni á óeðlilegan hátt. Ári síðar hafi brotþoli farið að opna sig aftur og sagt vitninu nákvæmlega hvað hafði gerst og eftir það hafi vitnið og brotþoli rætt þetta oft og ítarlega.

Í samskiptum vitnisins F við brotþola á facebook í nóvember 2017 kemur fram hjá henni að þetta sé að angra hana sjúklega mikið þessa dagana og sé búið að gera það svolítið í næstum þrjú ár en þó aldrei þannig að hún geri eitthvað í því.

Vitnið, G, systir brotþola sagði að hún hafi sagt vitninu frá því sumarið 2015 að ákærði hafi brotið gegn henni. Hún hafi sagst hafa farið aftur til ákærða vegna þess að hann hafi þá ætlað að meðhöndla bak brotþola en það sama endurtekið sig og ákærði m.a. sett fingur í leggöng brotþola.

Vitnið, H, móðir brotþola, kvaðst hafa verið í meðferð hjá ákærða og hafa komið brotþola í tíma hjá honum vegna verkja í baki haustið 2011. Eftir seinni tímum í ársbyrjun 2012 hafi brotþoli verið í uppnámi, farið í sturtu þegar hún hafi komið heim og lítið viljað ræða um meðferðina hjá ákærða en sagt hana ekki gera gagn. Brotþoli hafi ekki sagt vitninu hvað hafði gerst en þegar hún hafi verið komin aftur til Kaupmannahafnar skömmu seinna hafi hún verið illa á sig komin og liðið illa bæði andlega og líkamlega og heimilislæknir hafi komið henni í kvíða- og þunglyndis meðferð. Sumarið 2016 þegar brotþoli hafi komið heim til Íslands hafi hún sagt vitninu að ákærði hafi brotið gegn brotþola og m.a. nuddað rass hennar og sett fingur í leggöng en hún hafi ekki viljað fara nánar út í það.

Vitnið, D, lýsti því að brotþoli hafi sagt vitninu frá meðhöndlun, sem hún hafi verið í vegna bakvandamála, en þá hafi eitthvað kynferðisbrot átt sér stað. Hún hafi lýst því að hún hafi fyrst verið nudduð en síðan verið farið inn á óviðeigandi svæði en vitnið mundi ekki hvort það hafi verið leggöng eða endaparmur.

Vitnið, I, sagði að brotþoli hafi sagt vitninu í nóvember 2017 á facebook frá broti nuddara í nóvember 2017 en þá hafi kynferðisbrot verið til umfjöllunar. Brotþoli hafi sagt að nuddari hafi snert kynfæri hennar og sett fingur í leggöng en þegar hún hafi sagt frá þessu hafi hún verið í uppnámi og átt erfitt með að skýra frá þessu. En móðir brotþola hafi komið henni í samband við þennan nuddara.

Vitnið, J, kvað brotþola hafa opnað sig um brot ákærða í Kaupmannahöfn árið 2013 þar sem nokkrar vinkonur hafi verið saman. En það hafi verið eins og hún hafi verið að kanna viðbrögð vinkvennanna við því að ákærði hafi snert brotþola þar sem ekki væri í lagi að snerta. Brotþoli hafi spurt vitnið, sem er sjúkrahjálfi, hvort þetta væri í lagi en hún hafi verið nudduð á brjóstum og kynfærum og farið inn í kynfæri hennar.

Vitnið, K, sagði að brotþoli hafi sagt vitninu að hún hafi farið í nuddtíma á Íslandi en fengið meira en nudd eða svokallað trantrannudd en hún hafi ekki lýst því nánar. Það hafi verið eins og brotþoli hafi viljað segja meira en ekki lagt í það en þegar málið hafi verið orðið opinbert hafi hún rætt þetta meira.

Vitnið, C sálfræðingur, sagði að brotþoli hafi fyrst komið til vitnisins í mars 2018 vegna kvíða. Brotþoli hafi lýst óryggi, depurð, félagskvíða, svefnvandamálum og neikvæðri líkamsupplifun. En eftir 3-4 tímum hafi brotþoli skýrt frá brotum ákærða og þá hafi vitnið áttað sig betur á vandamálum hennar og hvernig þau kæmu heim og saman við kynferðisbrot. Brotþoli hafi lýst brotum ákærða í smáatriðum þ.e. að hann hafi spurt um trantrannudd, dregið nærbuxur hennar niður, nuddað rass, brjóst og kynfæri og sett fingur inn í leggöng hennar en á meðan hafi hún legið frosin á bekknum. Hafi þetta verið sambærilegt í tveimur tímum hjá ákærða en gerst hraðar í seinni tímanum. Brotþoli hafi sýnt merki um áfallastreitu og lýst langvarandi streitu vegna málsins og kvíði valdið henni skertum lífsgæðum. Brotþoli hafi sótt 12 tímum hjá vitninu á árunum 2018 og 2019 og það fullyrti að vanlíðan brotþola mætti rekja til kynferðisbrota ákærða.

Eins og fram er komið skýrði brotþoli frá því strax í kjölfar tímanna hjá ákærða í samskiptum við tvö nafngreind vitni að eitthvað óeðlilegt hafi átt sér stað og eftir fyrri tímum hafði hún áhyggjur af því að mæta í seinni tímum. Þetta liggur m.a. fyrir í samskiptum brotþola við vitnin á facebook, sbr. framanritað. Þessar upplýsingar sem og

frásagnir brotþola við önnur vitni af brotum ákærða þykja sýna afdráttarlaust að ákærði hafi brotið gegn henni. Enda er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að brotþoli hafi haft ástæðu til að bera rangar sakargiftir á ákærða heldur þvert á móti bar hún til hans traust og fór til hans í þeim eina tilgangi að fá bót meina sinna. Viðbrögðum brotþola í kjölfar brota ákærða hefur verið lýst hér að framan og eins og fram er komið þykja dómnum fram komnar trúverðugar skýringar á þeim. Því er ekkert hald í þeim mótbárum ákærða að kærur brotþola á hendur ákærða hafi borið að með óeðlilegum hætti og hún verði að skoðast í því ljósi.

Samkvæmt öllu því sem rakið hefur verið hér að ofan og þá sérstaklega með vísan til stöðugs og trúverðugs framburðar brotþola hér fyrir dómi og framburði ofangreindra vitna fyrir dómi verður lagt til grundvallar að ákærði hafi 3. og 5. janúar 2012 á meðferðarstofu sinni, að Bolholti 4 í Reykjavík, haft önnur kynferðismök en samræði við brotþola, án hennar samþykkis með því að káfa á kynfærum hennar, rassi og brjósti og setja fingur í leggöng hennar, henni að óvörum, þar sem hún lá léttklædd á nuddbekk, og beitti ákærði brotþola ólögumatri nauðung með því að misnota sér það traust sem hún bar til hans. Þó þykir ekki sannað að ákærði hafi sett fingur í leggöng brotþola í tímanum 3. janúar 2012.

Á þeim tíma sem atvik urðu sagði í 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem henni var breytt með 3. gr. laga nr. 61/2007, að hver sem hefði samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumatri nauðung gerðist sekur um nauðgun og skyldi sæta fangelsi ekki skemur en í eitt ár og allt að 16 árum.

Ofangreind háttsemi ákærða fellur undir þá verknaðarlýsingu 1. mgr. 194. gr. að hafa önnur kynferðismök við brotþola. Þá kemur til skoðunar hvort ákærvaldinu hafi tekist að færa sönnur á að ákærði hafi af ásetningi náð kynferðismökunum fram með því að beita brotþola ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumatri nauðung svo sem áskilið var í 1. gr. 194. gr. Af hálfu ákærvaldsins er á því byggt að ákærði hafi náð kynferðismökunum fram með því að beita brotþola „ólögumatri nauðung með því að misnota sér það traust sem hún bar til hans.“ En ákærvaldið ber sönnunarbyrðina fyrir því. Samkvæmt 18. gr. almennra hegningarlaga þarf ásetningur að ná til allra efnisþátta brots eins og því var lýst í 1. mgr. 194. gr. og verður í því sambandi að líta til þess hvernig atvik horfðu við ákærða á verknaðarstundu og því verður að meta hvort hann hafi haft réttmæta ástæðu til að líta svo á að brotþoli væri samþykk kynferðismökunum.

Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var lýst refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma sem hún átti sér stað, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Í 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 segir hins vegar að hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður var framinn og þar til dómur gengur skuli dæma eftir nýju lögnum bæði um refsinaemi verknaðar og refsingu. Aldrei megi dæma refsingu nema heimild hafi verið til þess í lögum þegar verknaður var framinn og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Með vísan til fyrrgreinds stjórnarskrárákvæðis ber að skýra 1. mgr. 2. gr. hegningarlaganna þannig að hafi refsíákvæði verið breytt eftir að verknaður var framinn verði dæmt um háttsemina eftir hinu nýja ákvæði sé það sakborningi í hag en annars verði aðeins á því byggt að því leyti sem inntak áður gildandi ákvæðis hafi verið hið sama.

Með lögum nr. 16/2018 voru ákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga færð í í núverandi horf en þar segir að hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann, án samþykkis hans, gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en eitt ár og allt að 16 árum. Telst samþykki aðeins liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja en ekki ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung. Því er ljóst af ákvæðinu að samþykki fyrir kynferðismökum er nú sett í forgrunn við skilgreiningu á hugtakinu nauðgun í stað þess að áherslan liggi á þeirri verknaðaraðferð að ná fram kynferðismökum með ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögumætri nauðung. Virðist orðalag ákæru í máli þessu taka mið af hinu breytta ákvæði og er þar tekið fram að kynferðismökin hafi verið án samþykkis brotþola, henni að óvörum og ákærði hafi beitt hana ólögumætri nauðung með því að misnota sér það traust sem hún hafi borið til hans.

Eins og fram er komið var brotþoli rúmlega tvítug þegar atvik urðu og hún leitaði til ákærða vegna „whiplash“ (svipuáverka) en hún var slæm í baki, herðum og hálsi. Brotþoli hefur lýst því að ákærði hafi fært nærbuxur og leggings buxur hennar niður og tekið hana úr brjóstahaldara þegar hún lá berskjölduð á nuddbekk í lokuðu herbergi í trausti þess að ákærði myndi veita henni meðferð í samræmi við kvilla hennar. Það má fullyrða að það hafi ákærði ekki gert þegar hann káfaði á rassi, brjóstum og kynfærum brotþola og setti fingur inn í leggöng hennar. En þessar aðferðir ákærða gátu ekki verið eðlilegar miðað við kvilla brotþola og líklega undir engum kringumstæðum með hliðsjón af menntun og starfi ákærða. Það er ekkert fram komið í málinu sem gat gefið ákærða réttmæta ástæðu til að ætla að brotþoli væri samþykk þessum kynferðismökum og engu getur breytt í því sambandi þó brotþoli hafi ekki brugðist strax við þessari háttsemi ákærða með orðum eða athöfnum og gefið til kynna að hún væri mótfallin háttseminni. En í því sambandi er að líta til trúverðugs framburðar brotþola um að hún hafi frosið þar sem hún lá berskjölduð á nuddbekknunum. Í þeirri stöðu sem brotþoli var beitti ákærði hana ólögumætri nauðung með því að misnota sér það traust sem hún bar til hans sem meðferðaraðila en ákærði var í yfirburðastöðu gagnvart brotþola.

Með vísan til alls framan ritaðs og með vísan til 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála telur dómurinn að ákæruvaldinu hafi tekist að sanna, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi gerst sekur um þann verknað sem lýst er í ákæru fyrir utan það að ekki telst sannað að ákærði hafi sett fingur inn í leggöng brotþola í tímanum 3. janúar 2012. Samkvæmt þessu er ákærði sannur að nauðgun í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 2. gr. sömu laga og bera að refsá honum samkvæmt því.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann undir sektargreiðslu fyrir tollalagabrot í júlí 2016 og í nóvember 2021 var hann dæmdur í sex ára fangelsi fyrir nauðgun. Brot ákærða, sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir, eru framin áður en sá dómur gekk og því er um hegningarauka að ræða. Brot ákærða gagnvart brotþola í máli þessu eru alvarleg og með þeim braut hann á grófan hátt gegn kynfrelsi hennar og í skjóli trúnaðartrausts sem hún mátti bera til hans í ljósi þess að hann bauð fram sérhæfða meðferð við vandamáli sem brotþoli glímdi við. Brotþoli var því í viðkvæmri stöðu og það nýtti ákærði sér og braut gegn henni tvívegis með skömmu millibili. Af því má ráða að brotavilji ákærða hafi verið sterkur og einbeittur og brot hans voru til þess fallin að hafa alvarleg áhrif á andlega heilsu brotþola til hins verra. Við ákvörðun refsingar ákærða verður tekið tillit til þessa en einnig til þess hve langt er síðan ákærði framdi brot sín en þar fyrir utan á hann sér engar málsbætur. Refsing ákærða verður því ákveðin með hliðsjón af 1., 2. og 6. tölulið

70. gr., 77. gr. og 78. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í eitt ár.

Brotapoli krefst þess að ákærði greiði sér miskabætur að höfuðstól 2.500.000 kr. auk vaxta og málskostnaðar. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir að nauðga brotþola í tvígang og ber því að taka afstöðu til bótakröfu hennar en ákærði er bótaskyldur gagnvart henni, sbr. b. – lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Brot af því tagi, sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir, eru ávallt til þess fallin að valda brotþola vanlíðan og sálrænu tjóni. Fyrir liggur vottorð sálfræðings, sem staðfest var fyrir dómi, um að brotþoli hafi m.a. glímt við kvíða og þunglyndi í kjölfar brota ákærða og sé enn að vinna úr þeim vandamálum. Að þessu gættu þykja miskabætur til brotþola hæfilega metnar 1.500.000 krónur með vöxtum eins og greinir í dómsorði. En ekki verður séð að bótakrafan hafi verið birt ákærða fyrr en við birtingu ákæru og tekur ákvörðun um dráttarvexti mið af því.

Ákærði greiði þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Vöku Dagsdóttur lögmans, en með hliðsjón af eðli og umfangi málsins og að teknu tilliti til tímaskýrslu lögmansins þykir þóknun henni til handa hæfilega ákveðin 1.255.500 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steinbergs Finnbogasonar lögmans, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins 2.790.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, sem taka til starfa verjandans fyrir dómi, en verjandinn hefur þegar fengið greitt fyrir störf sín á rannsóknarstigi málsins en sá hluti telst til annars sakarkostnaðar. Ákærði greiði annan sakarkostnað 777.790 krónur.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Maríu Thejll héraðsdómara og Hjördísi Þóru Jónsdóttur sjúkranuddara.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Jóhannes Tryggvi Sveinbjörnsson, sæti fangelsi í eitt ár.

Ákærði greiði brotþola, A, miskabætur 1.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. janúar 2012 til 4. júlí 2021 en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Vöku Dagsdóttur lögmans, 1.255.500 krónur.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steinbergs Finnbogasonar lögmans, 2.790.000 krónur.

Ákærði greiði annan sakarkostnað 777.790 krónur.

Ingi Tryggvason  
María Thejll  
Hjördís Þóra Jónsdóttir